

SAUÐFJÁRSETUR Á STRÖNDUM



ÁRSSKÝRSLA 2021

Efnisyfirlit

1. SAUÐFJARSETUR Á STRÖNDUM SES.....	3
2. SAFNSTARFIÐ 2021.....	5
3. STARFSEMIN Í SÆVANGI 2021	11
4. VIÐBURÐIR OG SKEMMTANIR.....	15
5. NÁTTÚRUBARNASKÓLINN & NÁTTÚRUBARNAHÁTÍÐIN.....	20
6. FRAMLÖG OG STUÐNINGUR ÁRIÐ 2021	23
7. MENNINGARSTÖFNUN SEM SKIPTIR MÁLI.....	24

1. Sauðfjársetur á Ströndum ses

Sauðfjársetur á Ströndum ses er sjálfseignarstofnun, safn og menningarmiðstöð, sem rekin er í þágu samfélagsins á Ströndum. Setrinu var komið á fót árið 2002, með fjölpætt markmið í huga. Ætlunin var að finna nýjan tilgang fyrir félagsheimili í dreifbýlinu sem hafði misst hlutverk sitt að miklu leyti og einnig að koma á laggirnar verkefni sem hefði jákvæð áhrif fyrir svæðið í heild sinni, væri atvinnuskapandi og hefði margfeldisáhrif fyrir ferðaþjónustu. Um leið var markmiðið að efla mannlíf og menningu á Ströndum og bæta ímynd svæðisins út á við. Síðast en ekki síst var stefnt að því að verkefnið myndi styrkja sjálfsmynd íbúa í héraðinu.

Leiðin sem farin var fólst í því að koma á laggirnar safni og sýningu um atvinnuveg sem fjöldi fólks á svæðinu starfar við, en átti í verulegum ímyndarvanda. Ekki voru sömu hugmyndir uppi um fjölsóttan ferðamannastað, líkt og við stofnun Galdrasýningar á Ströndum tveimur árum áður, en ætlunin var frá upphafi að rekstur Sauðfjárseturs myndi tryggja að Sævangur yrði áfram samkomustaður og menningarmiðstöð fyrir íbúa. Staður þar sem heimafólk hefði tækifæri til að hittast margsinnis á ári hverju og eiga góðar stundir og hitta gesti sem sækja Strandir heim. Verkefninu var beinlínis ætlað að bæta lífsgæði íbúa og auka lífsgleði í héraðinu. Allt frá upphafi og til þessa dags hefur verið unnið eftir þessari mótuðu hugmyndafræði og fjölmargir hafa nýtt sér þessa þjónustu, tekið þátt í viðburðum og notið þess menningarstarfs sem unnið er að frumkvæði safnsins.

Sjálfseignarstofnanir fylgja sérstökum lögum, m.a. um fjárhagsleg málefni (sjá Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999). Þær eru svokallaðar non-profit stofnanir og eru ekki reknar í hagnaðarskyni. Í slíkum stofnunum er ekki greiddur út arður og allur hagnaður, tekjur og framlög, eru nýtt til að efla stofnunina og starfsemi hennar, samfélaginu til heilla. Sauðfjársetrið er viðurkennt safn af Safnaráði, eitt af allra minnstu söfnunum hér á landi, og er þar í hópi 47 viðurkenndra safna á landsvísu. Sem slíkt þarf það að uppfylla margvíslegar reglur og skyldur, sem vissulega eru kostnaðarsamar margar hverjar, en tryggja um leið gæðapróun í starfseminni. Sauðfjársetrið starfar eftir samþykktri skipulagsskrá og í takt við Siðareglur ICOM (Alþjóðaráðs safna), auk þess sem starfsemin fellur undir Safnalög (nr. 141/2011). Í safnaheiminum þykir starfsemi Sauðfjársetursins óhemju kraftmikil, miðað við starfsmannahald og umfang. Það er oft tekið sem dæmi um safn sem virkilega er þátttakandi í því samfélagi sem það starfar í.

Sauðfjársetrið hefur allt frá stofnun notið velvilja og stuðnings íbúa á svæðinu, sem fjölmargir átta sig á gildi starfseminnar fyrir menningar- og mannlíf, minjavörsluna og miðlun um sögu svæðisins. Fyrir rekstur Sauðfjársetursins skiptir stuðningur úr þremur ólíkum áttum mestu máli og myndar það bakland sem gerir því kleift að halda úti starfsemi á ársvísu. Þessar þrjár meginstoðir undir rekstri Sauðfjársetursins eru í fyrsta lagi samstarfssamningur við sveitarfélagið Strandabyggð um rekstrarstyrk, en núgildandi samningur rennur út í árslok 2022. Í öðru lagi árleg framlög til einstakra verkefna frá samkeppnissjóðnum Safnasjóði, sem veitt eru á grundvelli þess að Sauðfjársetrið sé viðurkennt safn og reksturinn eigi öflugt bakland heima fyrir. Að síðustu ber að nefna veglega rekstrar- og verkefnastyrki frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða. Á árinu 2021 fengust einnig framlög frá byggðapróunarverkefninu Brothættum byggðum (Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda) og Orkubúi Vestfjarða til einstakra verkefna. Á árabílinu 2020-2021 hefur þessi stuðningur skipt meira máli en nokkru sinni fyrr, enda voru sértekjur minni á þessum Covid-árum en áður.

Árið 2021 var að öllu leyti óvenjulegt í rekstri Sauðfjársetursins eins og hjá flestum öðrum söfnum, setrum og sýningum. Starfsemin gekk þó að mörgu leyti ágætlega, miðað við ástandið, samkomutakmarkanir og Covid 19, og reksturinn var í jafnvægi. Það á jafnt við um rekstur safnsins og sýningarinnar í Sævangi, hliðarverkefni á menningarsviðinu, uppbyggingu og framkvæmdir. Það var þó talsvert áfall að stórviðburðir og þar með helstu tekjuöflunarviðburðirnir í starfi setursins, hrútaðómarnir og sviðaveislan, voru felldir niður annað árið í röð.

Ester Sigfúsdóttir á Kirkjubóli var í starfi sem forstöðukona safnsins í 50% stöðu allt árið, en samtals í fullu starfi í fimm mánuði, sumarmánuðina vegna vaktavinnu í Sævangi á opnunartíma og tvo mánuði um haustið vegna vinnu í öndvegisverkefninu *Menningararfur í myndum*. Í árslok hafði Ester veitt Sauðfjársetrinu forstöðu í áratug.

Stjórn Sauðfjárseturs á Ströndum ses skipa Matthías Lýðsson í Húsavík sem er formaður, Sverrir Guðbrandsson á Hólmavík og Reynir Björnsson í Miðdalsgröf. Í varastjórn eru Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir á Hólmavík, Karl Kristjánsson á Kambi í Reykhólasveit og Dagrún Magnúsdóttir á Laugarholti við Djúp. Þrír formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur. Óformlegir símafundir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra voru haldnir eftir þörfum og spjallhópur stjórnarinnar er alltaf í gangi á netinu og þar er leyst úr ýmsum málum. Stjórn Sauðfjársetursins hefur aldrei tekið laun fyrir vinnu sína, allt frá stofnun þess.

2. Safnstarfið 2021

Sauðfjársetur á Ströndum er í hópi þeirra safna sem eru viðurkennd söfn af Safnaráði. Þetta er mjög mikilvægt fyrir starfsemina. Söfn fá einungis viðurkenningu ef þau sinna öllum lykilþáttum safnastarfs sem eru: Söfnun, forvarsla, varðveisla, skráning, rannsóknir og miðlun. Ennfremur þarf að uppfylla allskonar skilyrði um varðveisluhúsnæði, öryggismál og fyrirbyggjandi forvörslu.



Safnaráð hefur eftirlit með viðurkenndum söfnum og gerir reglulega könnun um nauðsynlegar úrbætur og annað smálegt sem betur mætti fara varðandi sýningarrými, geymslur og muni. Sauðfjársetrið lenti í úrtaki fyrir slíka vinnu og skilaði skýrslu til Safnaráðs árið 2018. Svar barst frá Safnaráði árið eftir og síðan þá hefur verið unnið að úrbótum sem ýmist áttu að koma til framkvæmda innan árs, þriggja ára eða fimm. Þetta er vinna sem fer að langmestu leyti fram bak við tjöldin, snýst um úrbætur í geymslum og fyrirbyggjandi forvörslu. Sumt er þó sýnilegt, eins og að skipt hefur verið um glugga í sýningarrýmum og tvöfalt gler með UV-filmu leyst einfalda glerið af hólmi. Í öllum þessum umbótum, sem vissulega eru kostnaðarsamar sumar hverjar, felst mikil gæðaþróun og þar með ávinningur.

Safn Sauðfjársetursins af heimildum, myndum, munum og minningum stækkaði nokkuð á árinu 2021. Gjafir til safnsins eru skráðar í aðfangabók og ljósmyndaðar þegar þær eru afhentar. Sú skráning er svo lykilheimild þegar kemur að endanlegri skráningu. Sauðfjársetrið er aðili að skráningarkerfinu Sarpi sem er sameiginlegt kerfi safna á Íslandi, til að miðla fróðleik um safnkostinn, en nauðsynlegt er að skrá allan safnkost Sauðfjársetursins á fullkominn og ítarlegan máta, bæði gamlar myndir og muni. Talsvert er búið að skrá af myndum, en minna af munum. Minningar sem safnað er með viðtölum og skriflega hafa ekki ratað þarna inn ennþá. Sett hafa verið markmið um skráningu til þriggja ára, en gera má ráð fyrir að munaskráningin taki allan tíma. Skráning er forgangsverkefni í starfsstefnu Sauðfjársetursins. Allir munir sem berast að gjöf eru yfirfarnir og skráðir í aðfangabók og fá síðan viðeigandi meðhöndlun áður en þeim er komið í geymslu eða verða hluti af sýningunni.

Ljósmyndir sem safnið eignast eru skannaðar í afbragðs góðum skanna og í hágæðaupplausn og eru síðan settar í varanlega varðveislu í sýrufrí umslög og í skjalageymslu. Stafrænt afrit er sett inn á vefinn Sarpur.is og ljósmyndirnar skráðar þar. Á árinu 2021 var mikið átak gert var í skönnun og skráningu mynda í eigu Sauðfjársetursins, Ester framkvæmdastjóri sá um skönnun og Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir var ráðin til að skrá í Sarp. Við fengum öndvegissstyrk frá Safnaráði í þetta verkefni. Þá fengum við gefins þónokkur myndasöfn og þökkum við kærlega fyrir þann velvilja og hlýhug sem býr að baki. Sauðfjársetrið safnar öllum gömlum ljósmyndum frá Ströndum, bæði tengdum búskap og einnig manna- og mannlífsmyndum.

Facebooksíða Sauðfjársetursins og facebooksíðan *Gamlar Strandamyndir*, sem er samvinnuverkefni safnsins og Þjóðfræðistofu, eru mikið notaðar við greiningu á myndum. Þar eru birtar myndir og fólk fengið til að bera kennsl á þær, myndefnið, einstaklinga, tíma og stað. Tilefni myndatöku og fróðleik og sögum sem tengjast myndum er svo líka safnað.

Samstarf við önnur söfn og menningarstofnanir á landsvísu skiptir miklu máli fyrir Sauðfjársetrið og er umfangsmikið. Síðan Ester tók við sem forstöðukona Sauðfjársetursins í ársbyrjun 2012 hefur hún sótt margvísleg námskeið og fundi um safnamál, aðferðir og vinnubrögð, m.a. varðandi skráningu í Sarp. Einnig hefur hún farið flest á Farskóla safnmanna þegar hann hefur verið haldinn hér á landi. Ester og Dagrún Ósk Jónsdóttir sem séð hefur um Náttúrubarnaskólann, rannsóknarverkefni og safnfræðslu fóru báðar á vegum Sauðfjársetursins á Farskóla safnmanna sem haldinn var í Stykkishólmi í október 2021. Góðar málstofur voru á Farskólanum og mikið fjör, en skólinn hafði verið felldur niður árið áður vegna Covid. Mikilvægi þessara samkoma og annarra námskeiða og funda, þar sem safnafólk hittist verður seint ofmetið. Sauðfjársetrið er virkur þátttakandi í Félagi íslenskra safna og safnmanna.

Á árinu 2021 voru nokkur söfn heimsótt og formlegri samvinnu komið á við Minjasafnið á Hnjóti og Byggðasafn Vestfjarða í tengslum við fyrirhugað sýningarverkefni um bjarndýr. Áður hefur Sauðfjársetrið unnið með söfnum á Norðurlandi vestra í sambandi við námskeiðahald og fyrirbyggjandi forvörslu og Byggðasafni Dalamanna á Laugum í Sælingsdal, m.a. í tengslum við Söguröltin. Eins er góð samvinna við Þjóðminjasafn, einkum ljósmyndadeildina.

Margvíslegt samstarf heima fyrir skiptir líka máli. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa er lykil-samstarfsaðili Sauðfjársetursins hér á Ströndum. Saman standa þessir aðilar að fjölda menningarverkefna og viðburða. Einnig má þar nefna Arnkötlu – lista- og menningarfélag, Leikfélag Hólma-víkur, grunnskólana á svæðinu, Galdrasýningu á Ströndum og fleiri aðila.

Á árinu kom Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra í heimsókn á Strandir og heimsótti Sauðfjársetrið. Kaffiveitingar og kynning á starfsemi Sauðfjársetursins og atburðum sem það stendur fyrir var þá á dagskránni og gott spjall um menningarmál og mannlíf, ímynd svæðisins og sjálfsmýnd íbúa. Þökkum við fyrir góða og skemmtilega heimsókn.



Sauðfjársetrið eignaðist þriðjungs hlut í húsnæði safnsins Sævangi á árinu og á þá húsið allt. Forsaga þess máls er að Ungmennafélagið Hvöt í Tunguveit var lagt niður árið 2020 og var þá þriðjungs eignarhlutur félagsins í Sævangi afhentur Strandabyggð endurgjaldslaust í samræmi við lög félagsins. Sama ár samþykkti sveitarstjórn Strandabyggðar að bjóða Sauðfjársetri á Ströndum eignarhlutinn í Sævangi. Stjórn Sauðfjársetursins tók vel í þetta tilboð og var afsal undirritað af Matthíasi Lýðssyni stjórnarformanni og Þorgeiri Pálssyni sveitarstjóra vorið 2021. Ungmennafélagið Hvöt hafði verið óvirkur meðeigandi í Sævangi síðustu áratugi og Sauðfjársetrið hefur sjálft borið allan kostnað af rekstri hússins, endurbótum og framkvæmdum í húsinu, alveg frá því það var stofnað.

Strandabyggð hefur ráðstafað öðru félagsheimili í sveitarfélaginu, á Nauteyri, með svipuðum hætti, til sjálfseignarstofnunarinnar Steinshúss ses. Það hús var illa farið eftir bruna og lét sveitarfélagið tryggingabæturnar fylgja með sem meðgjöf. Víða um land hafa gömul félagsheimili í sveitum misst hlutverk sitt og tilgang eftir sameiningar sveitarfélaga og fólksfækkun í dreifbýlinu og eru stundum baggi á sveitarfélögum. Gleðilegt er þegar vel tekst til og þau fá ný hlutverk í þágu samfélagsins, eins og í þessum tilvikum í Strandabyggð.

2.1 Menningarverkefni og rannsóknir

Rannsóknir á vegum Sauðfjársetursins tengjast gjarnan sýningum eða viðburðum sem eru í undirbúningi, en einnig fer dágóður tími í að svara spurningum og þjónusta fólk sem langar að fá einhvern fróðleik um safngripi eða sauðfjárbúskap.

Viðamestu rannsóknir sem stundaðar voru á vegum setursins árinu 2021 voru í tengslum við öndvegisverkefnið *Menningararfur í ljósmyndum*. Sú vinna hefur farið fram í nánu samstarfi við Þjóðfræðistofu á Hólmavík og samvinnan við þá stofnun er stundum lykilatriði til að hægt sé að framkvæma rannsóknarverkefni af þessu tagi.

Einnig einkenndist árið af vinnu við bókina *Álagablettir á Ströndum* sem var svo gefin út fyrir jólin. Langt er síðan byrjað var á þeirri rannsókn, verkefnið hófst árið 2013 með uppsetningu sýningar um álagabletti á Ströndum. Hún var enn uppi í árslok 2021, en til stendur að taka hana niður vorið 2022. Útgáfa bókarinnar er hluti af álagablettarannsókninni, þannig að eigulegur prentgripur stendur eftir þegar búið er taka sýninguna niður.



Útgáfa bókar af þessu tagi, fræðibókar fyrir almenning með ljósmyndum og liprum texta, er tímafrek vinna. Höfundar bókarinnar eru feðginin Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson, þjóðfræðingar á Kirkjubóli og það eru Sauðfjársetur á Ströndum og Rannsóknasetur HÍ á Ströndum

– Þjóðfræðistofa sem gefa bókina út í samvinnu. Bókin er full af áhugaverðum og krassandi sögum um álög og bannhelgi sem tengist einstökum stöðum á Ströndum. Í henni er einnig fjöldi litljósmynda og margvíslegur fróðleikur um þjóðtrú og sagnir.

Bókin var prentuð hjá prentsmiðjunni Odda og kom úr prentun í byrjun desember og var hún seld beint frá Sauðfjársetrinu og einnig var hún til sölu hjá Handverksmarkaði Strandakúntar, hjá vefversluninni Kvik og hjá Pennanum Eymundsson í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og Ísafirði. Einnig var hægt að panta bækur og bókabíll á vegum Sauðfjársetrursins brunaði um Drangnes, Hólmavík og suður Strandir, auk þess sem Dagrún keyrði út bækur sem keyptar voru á höfuðborgarsvæðinu.

Útgáfuhófið var haldið sunnudaginn 12. desember, sem er helst til nálægt hátíðinni til að bókin nýtist vel til jólagjafa. Viðburðurinn var haldinn í Hnyðju í Þróunarsetrinu á Hólmavík og eins var hægt að fylgjast með viðburðinum í beinu streymi á netinu. Sagt var frá bókinni, höfundar lásu upp og boðið var upp á piparkökur og heitt súkkulaði. Opið var í Hnyðju á milli kl. 16:00-18:00 og hægt að kaupa bókina. Bókin hefur þegar verið þýdd á ensku, en ekki verið gefin út brotin um eða sett upp á því tungumáli ennþá.

Bókin Strandir 1918 sem kom út fyrir jólin 2020 var uppseld hjá útgefanda í árslok 2021, en fáein eintök (undir 10 stk) til hjá Pennanum Eymundsson.

2.2 Markaðssetning

Markaðssetning var fremur lítil þetta árið, því mikið af henni er tengt einstökum viðburðum, en lítið var af slíkum vegna Covid-19. Markaðssetning á safninu og viðburðum sem voru haldnir fóru að mestu leyti fram í gegnum Facebook-síðu safnsins og samfélagsmiðla. Sauðfjársetrið og Náttúrubarnaskólinn eru með Facebook-síður, Instagram og snapp sem við reynum að nota eins mikið og kostur er.

Keyptar eru auglýsingar fyrir stærri viðburði og send út dreifibréf. Safnið tekur þátt í Safnabókinni þar sem er keypt umfjöllun. Sauðfjársetrið auglýsir einnig í útgefnu efni og bæklingum hjá Ferðaþjónustu bænda, heldur úti eigin bækling og vefsíðu og leggur áherslu á að fá reglulega birtar fréttir og myndir um starfsemina í Bændablaðinu. Einnig tekur Sauðfjársetrið þátt í sameiginlegum auglýsingum safna hjá Ríkisútvarpinu. Reynt er að komast í viðtöl í tengslum

við viðburði og gengur það yfirleitt ljómandi vel. Héraðsfréttavefurinn Strandir.is sem fór aftur í gang á árinu á vegum nýrra eigenda birti margvíslegt efni frá Sauðfjársetrinu og fréttatilkygningar koma á marga vefi í Norðvesturkjördæmi, t.d. Skessuhorn, bb.is og Feyki, og á fréttasíður hjá nálægum sveitarfélögum.

Sjónvarpsstöðin N4 kom í heimsókn í ágúst og tók upp efni um Sauðfjársetrið og Náttúrubarnaskólann. Ester Sigfúsdóttir, Dagrún Ósk Jónsdóttir og Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir voru allar teknar í viðtal, enda sérfræðingar hver á sínu sviði. Gulla er sérfræðingur um forystufé. Viðtölin hafa verið sýnd margsinnis síðan og þessi myndræna kynning skiptir okkur miklu máli.

Ekkert Mannamót var haldið í Reykjavík þetta árið. Mannamótin eru haldin á vegum Markaðsstofa landsfjórðungana, en Sauðfjársetrið er aðili að Markaðsstofu Vestfjarða. Við hlökkum til að komast aftur á Mannamót, þessar samkomur er mikilvægar fyrir kynningu og tengslanet Sauðfjársetursins.

Langstærsta og varanlegasta markaðssetningarverkefni ársins fólst í því að Sauðfjársetrið kom nýrri vefsíðu í loftið á árinu. Hún er á slóðinni www.saudfjarsetur.is og einnig fengum við nýtt netfang saudfjarsetur@saudfjarsetur.is. Jón Jónsson þjóðfræðingur skipulagði og hannaði síðuna fyrir okkur og setti hana upp í vefumsjónarforritinu WordPress. Hugmyndin er að vefsíðan verði eins konar safn um safnið og starfsemi þess, auk þess að miðla fróðleik. Það er svo undir starfsfólki Sauðfjársetursins að halda henni við í framtíðinni.

2.3 Starfsfólk 2021

Auk framkvæmdastjóra unnu tveir starfsmenn yfir sumarið við safnvörslu, rekstur kaffistofu og námskeiðahald á vegum Náttúrubarnaskólans. Starfið í Sævangi er það sem fólk verður fyrst og fremst vart við í starfi Sauðfjársetursins, en starfsemin sem er í gangi utan sumaropnunar og fólk verður ekki jafn vart við var dálítið umfangsmeiri en áður.

Starfsmenn á launaskrá 2021:

- Ester Sigfúsdóttir – framkvæmdastjóri í 50% starfi allt árið. Einnig í verkefnavinnu við sérverkefni í fimm mánuði í 50% starfi. Stöðugildi á ársvísu: 0,7 ársverk.

- Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir – safnvörður í 100% starfi í þrjá sumarmánuði. Einnig í 50% starfi í sex mánuði við skráningu og ljósmyndaverkefnið Menningararfur í myndum. Stöðugildi á ársvísu: 0,5 ársverk.
- Dagrún Ósk Jónsdóttir – safnfræðsla í 50% starfi í fimm mánuði við Náttúrubarnaskólann og Náttúrubarnahátíð og sérverkefni við bókaútgáfu. Stöðugildi á ársvísu: 0,2 ársverk.
- Geirprúður Finnbogadóttir Hjörvar – þýðandi, ráðin í gegnum átak Vinnumálastofnunar, Hefjum störf í sex mánuði í 100% starfi. Stöðugildi á ársvísu: 0,5 ársverk.
- Íris Björg Guðbjartsdóttir – safnvörður, afleysingar yfir sumarið.

Margir sjálfboðaliðar komu að starfi og framkvæmdum Sauðfjársetursins árið 2021, eins og áður. Stjórn Sauðfjársetursins, stóð sig með sóma eins og venjulega, Matthías Lýðsson, Reynir Björnsson og Sverrir Guðbrandsson. Af öðrum sem hafa gefið tíma og vinnuframlag í þágu safnsins, við framkvæmdir eða á viðburðum, má sérstaklega nefna Jón Jónsson á Kirkjubóli sem sjálfur kallar sig aðstoðarmann konu sinnar númer eitt. Eins fá Steinunn Þorsteinsdóttir, Hafdís Sturlaugsdóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, Dagrún Ósk Jónsdóttir og Íris Björg Guðbjartsdóttir, Arnór Jónsson og Jón Kristófer Fasth bestu þakkir fyrir sjálfboðavinnu, ásamt öðrum sem aðstoðuðu okkur með ýmsum hætti á árinu. Án sjálfboðavinnunnar sem hefur einkennt rekstur Sauðfjársetursins allt frá upphafi, væri erfitt að halda starfseminni gangandi.

3. Starfsemin í Sævangi 2021

Samkvæmt talningu heimsóttu 4.256 gestir Sauðfjársetrið á árinu 2021, þar af 2.121 Íslendingar 13 ára og eldri, 1.186 erlendir ferðamenn 13 ára og eldri, 918 íslensk börn 12 ára og yngri og 31 erlent barn. Þetta er dálítill fjölgun frá árinu 2020, en talsvert færri gestir en árin fyrir Covid, þegar yfirleitt komu um það bil sex þúsund manns í heimsókn í Sævang á ári.



Aðstandendur telja að um það bil þúsund gestir hefðu komið í viðbót á árinu, ef hægt hefði verið að halda þá atburði sem stefnt var að, en féllu niður vegna Covid. Atburðir eins og Furðuleikar, Íslandsmótið í hrúta-dómum og Sviðaveisla voru felldir niður vegna fjöldatakmarkana og 2ja metra reglu. Einnig féllu niður vetrarviðburðir. Af því sem tókst að halda ber helst að nefna Náttúru-



barnahátíðina sem var haldin eina helgi í júlí og var góð mæting. Tvö kaffihlaðborð voru haldin sumarið 2021, á 17. júní og á Hamingjudögum, en önnur voru felld niður. Á sunnudeginum um Hamingjudaga var boðið upp á hamingju-tertudiska með hamingjukökum. Ekkert réttarkaffi var þetta árið þegar réttað var í Kirkjubólssrétt, en mjög lítil mæting var árið áður.

Eins kemur alltaf dálítið af hópum í hópferðir á Sauðfjársetrið, en að þessu sinni var sögulegt lágmark í slíku. Leitast hefur verið við að fjölga hópum sem koma í heimsókn og ennþá er mikilvægt að ná fleiri hópum í heimsókn á safnið. Var gert átak við að kynna það fyrir félögum eldri borgara og póstur sendur á öll eldri borgarafélög í janúar. Þau koma yfirleitt í ferðir snemma eða síðla sumars, en nú voru allar slíkar heimsóknir sem bókaðar höfðu verið afbókaðar, þannig að þessi vinna við markaðssetningu ónýttist annað árið í röð. Á árinu heimsótti einn hópur háskólanema safnið og tveir hópar leikskólabarna. Vinna þarf í því að koma á fleiri skipulögðum heimsóknum, bæði ferðamanna og skólahópa.

3.1 Sýningarhald, opnunartími o.fl.

Opið var í Sævangi frá 1. júní til 31. ágúst sumarið 2021 eins og 2020 en undanfarin ár hefur verið opið frá því seint í maí fram í miðjan september. Það var ekki ástæða til þess þetta sumarið vegna dræmrar aðsóknar í byrjun og enda sumars. Ákveðið var að hafa ekki réttarkaffi á réttardaginn,

vegna veirunnar og auk þess var lítil mæting árið áður. Utan auglýsts opnunartíma er opnað eftir samkomulagi og í tengslum við alla viðburði, námskeið og fundi.

Sauðfjársetrið hafði að vanda heimalninga í fóstri yfir sumarið og einnig hænur. Við fengum nýjan hænsnakofa frá Hólmavík sem leysti af þann gamla sem fauk út í veður og vind. Guðlaug starfsmaður Sauðfjársetursins kom hænur í fóstur yfir sumarið, en heimalningarnir komu frá Hrafnhildi og Haraldi á Hólmavík.



3.2 Sérsýningar 2021

Sérsýningar árið 2021:

- Förufolk og flakkarar (ný sýning í sérsýningarherbergi)
- Sumardvöl í sveit (tekin niður)
- Svipmyndir úr sveitinni: Úr myndaalbúmi Rósu Jónídu á Kirkjubóli (ný sýning í Kaffi Kind)
- Álagablettir (Listasviðinu)
- Útisýning við göngustíginn Sjávarslóð
- Hólmavíkurmyndir Kalla Lofts (tímabundin, á Hólmavík)
- Örninn flýgur fugla hæst (tímabundin, á Hólmavík)
- Uglusafn Ásdísar (í sýningarhillunni miklu)

Þær sérsýningar sem voru á Sauðfjársetrinu árið 2021 eru sýningin *Förufolk og flakkarar* sem var opnuð á Hamingjudögum og leysti af hólmi sérsýninguna *Sumardvöl í sveit* sem var opnuð 6. nóvember 2016, en var tekin niður vorið 2021.

Sýningin *Förufolk og flakkarar* segir frá förufolki sem flakkaði um Ísland fyrr á öldum. Þetta var fjölbreyttur og umtalaður hópur og í sögunum sem sagðar voru um þau, eru þau stundum líkari þjóðtrúarverum en raunverulegum manneskjum. Þjóðfræðingarnir Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson eru höfundar sýningarinnar og sögðu frá gerð



hennar og förufólkinu við opnunina á Hamingjudögum. Einnig var þó kaffihlaðborð á boðstólum. Á sýningunni eru textaspjöld, myndir og fróðleikur um förufólk. Textar á veggjum eru á íslensku, en á ensku í möppum. Einnig er leikin heimildamynd hluti af sýningunni, leikþáttur sem Leikfélag Hólmavíkur tók þátt í að gera. Var hann tekinn upp í baðstofunni á Byggðasafninu á Reykjum. Listakonan Sunneva Guðrún Þórðardóttir á Laugarholti við Djúp málaði heilmikla veggmynd á tvo veggi í sérsýningarherberginu. Það er mikill munur fyrir Sauðfjársetrið hversu margt hæfileikaríkt listafólk og fræðifólk býr í héraðinu og að það skuli vera jafn jákvætt fyrir því að taka þátt í uppátækjum setursins og raun ber vitni.

Önnur sérsýning í Sævangi hefur nú verið þar í sjö ár, sýningin á listasviðinu um álagabletti á Ströndum sem sett var upp 2013. Sýninguna unnu þjóðfræðingarnir Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson. Á sýningunni *Álagablettir* er miðlað þjóðtrú, sögum og sögnum um slíka staði á Ströndum. Sýningin byggist að hluta á hljóðdæmum (í samvinnu við Árnastofnun og Tónlistarsafn Íslands, ismus.is), einnig eru notuð söguspjöld og ljósmyndir, ásamt korti um útbreiðslu staðanna. Einnig er tilbúinn álagablettur á sýningunni. Sýningarhöfundar sömdu einnig ljóðræna texta sem endurspeglar upplifun af einstökum stöðum. Sýningin hefur verið þýdd á ensku. Árið 2020 fengust styrkir til að halda þessu verkefni áfram og á árinu 2021 var gefin út bók um álagabletti á Ströndum.

Þriðja sérsýningin sem uppi var í Sævangi í árslok er ljósmyndasýning í kaffistofunni Kaffi Kind sem hefur yfirskriftina *Svipmyndir úr sveitinni: Úr myndaalbúmi Rósu Jónídu á Kirkjubóli*. Mikið af skemmtilegum myndum sem eru teknar á árabílinu 1945-1965. Búið er að þekkja flesta á myndunum þar sem Ester hafði nokkrum árum áður hitt þær Sigrúnu Valdimarsdóttur frá Kirkjubóli og Guðfríði Guðjónsdóttur úr Miðalsgröf. Þessi sýning var opnuð í janúar á hátíðinni Vetrarsól á Ströndum, svólítið af fólki mættir á opnunina en veiran var enn að þvælast fyrir okkur.

Á hátíðinni Vetrarsól í janúar var Sauðfjársetrið einnig með ljósmyndasýningu í Hnyðju á Hólmavík í samvinnu við Þjóðfræðistofu, Ljósmyndir Karls Loftssonar frá Hólmavík voru settar á sjónvarpsskjá og var hann hafður í glugga Hnyðju, svo fólk á göngu um Hólmavík gat skoðað myndirnar.

Uglusafn Ásdísar Jónsdóttur leysti áletruðu könnurnar af hólmi í sýningarhillunni miklu á Sauðfjársetrinu sumarið 2021. Alls eru um 89 uglur í hillunni, en margar uglur í safninu hennar Ásdísar eru of stórar fyrir hólfin. Hillan var áður geymsla fyrir reikninga á skrifstofu KSH á Hólmavík, sem bændurnir sóttu þangað þegar þeir áttu leið í kaupstaðinn.

Það er mjög mikilvægt fyrir safn eins og Sauðfjársetrið að geta sett upp metnaðarfullar sérsýningar, það eykur fjölbreytni safnsins og bætir aðsókn að því.

3.3 Aðrar framkvæmdir í Sævangi

Litlar framkvæmdir voru í Sævangi árið 2021. Vegna Covid-19 þorðum við ekki að fara af stað í stórar framkvæmdir, vissum ekki hver aðsókn yrði að safninu og hvernig fjárhagsstaðan yrði. Einu framkvæmdirnar innanhús voru að mála anddyrið í Sævangi og skrúbba og bóna gólfið í anddyrinu og eldhúsinu. Næst á dagskrá er að skipta um glugga í eldhúsinu, búrinu og sýningarherberginu.

Skipulagðir tiltektardagar voru haldnir og var þá tekið til í kring um húsið og dittað að því, skjólveggurinn við sólpallinn reistur við, hann fýkur um koll á hverjum vetri, og nýr hæsnakofi sem fékkst að gjöf frá Árna Björnssyni og Kristínu Steingrímsdóttur á Hólmavík var málaður. Eins var hreinsað til í fjörunni og plastruð fjarlæggt, eins og gert er á hverju ári.

4. Viðburðir og skemmtanir

Viðburðadagskrá Sauðfjársetursins 2021 var að mestu leyti ákveðin í ársbyrjun eins og hægt var með tilliti til Covid 19 og birt á Facebook síðu Sauðfjársetursins skömmu eftir áramót.

Árið fór þó öðruvísi en búist var við, því gert var ráð fyrir að hægt yrði að halda viðburði þetta sumarið sem féllu niður 2020. Annað kom á daginn. Á árinu 2021 voru hefðbundnir viðburði eins og *Furðuleikar á Ströndum*, *Hrútaðómar* og *Sviðaveisla* felldir niður vegna Covid-19



fjöldatakmörkun og 2ja metra reglu. Við vonuðum lengi að hægt yrði að halda Hrútaðóma í ágúst og það var búist að auglýsa þá, áður en þeir voru felldir niður. Hrútaþuklið er jafnan mikill fagnaðarfundur þar sem snerting, handabönd og faðmlög skipta miklu máli. Fjöldi gesta fer einnig venjulega vel yfir 200 manna fjöldatakmörkin sem voru í gildi. Þetta var áfall fyrir Sauðfjársetrið, enda er hrútaþuklið stærsti viðburður ársins og sá sem skiptir safnið mestu máli fjárhagslega. Við

trúum því og treystum að kófið og veiran heyrir sögunni til í ágúst á næsta ári. Sviðaveislan sem átti að halda í október var einnig slegin af.

Þátttaka í hátíðum

Sauðfjársetrið tekur jafnan þátt í hátíðahöldum í sveitarfélaginu og er framlag safnsins þar hluti af dagskránni. Hamingjudagar á Hólmavík voru haldnir mánaðarmótin júní og júlí og á Haimingjudögum var sýningin Förufolk og flakkarar opnuð og boðið upp á kaffihlaðborð á Kaffi Kind. Til stóð að gera þetta á sunnudegi, en var fært yfir á laugardaginn með stuttum fyrirvara að beiðni hátíðarhaldara til að bregðast við slæmri veðurspá þann daginn. Þessi þátttaka í hátíðum, stórviðburðirnir sem safnið stendur sjálft fyrir og kaffihlaðborðin skipta miklu máli fyrir sértekjur Sauðfjársetursins, sérstaklega munar um Hrutadóma og Sviðaveislu.

Sauðfjársetrið tók einnig þátt í vetrarhátíðunum sem haldnar voru á svæðinu, Vetrarsól á Ströndum og Hörmungardögum. Arnkatla – menningar og listafélag stóð fyrir báðum þessum viðburðum, en þeir fóru að miklu leyti fram á netinu vegna samkomutakmarkana.

Sauðfjársetrið og Náttúrubarnaskólinn voru með fjóra atburði á hátíðinni Vetrarsól sem haldin var 15.-17. janúar. Þar var í fyrsta lagi Rúnaratleikur um Hólmavík, fyrir alla fjölskylduna sem Náttúrubarnaskólinn og Þjóðfræðistofa sáu um. Vísbendingar voru settar á fésbókina, síðan leitaði fólk að réttu rúnunum sem búið var að koma fyrir víðsvegar um þorpið og sendi inn lausnarorðið þegar niðurstaða lá fyrir. Ljósmyndasýning var á vegum safnsins og Þjóðfræðistofu, útisýning í glugganum á Hnyðju, Þróunarsetrinu á Hólmavík. Þar voru sýndar gamlar myndir frá Hólmavík úr safni Karls E. Loftssonar. Í þriðja lagi var kvöldvakan *Bábiljur og bögur í baðstofunni* sem send var út í beinni á netinu frá Sævangi. Þar komu Dagrún Ósk, Kristín Lárusdóttir, Anna Björg Þórarinsdóttir, Jón Jónsson, Svavar Knútur og fleiri fram með sögum og söng. Í fjórða lagi var ljósmyndasýningin *Svipmyndir úr sveitinni. Úr myndaalbúmi Rósu Jónídu á Kirkjubóli* opnuð í Sævangi með 20 manna fjöldatakmörkun og gestum boðið í kaffi og kleinur.

Hörmungardagar voru haldnir síðustu helgina í febrúar og var Sauðfjársetrið með tvo viðburði. Í fyrsta lagi var þar Draugaganga út í Orrustutanga, þar sem gengið var eftir göngustígnum í rökkriinu frá Sauðfjársetrinu í Sævangi. Dagrún Ósk sagði draugasögur og draugar og aðrar verur birtust svo viðburðinn var ekki fyrir ung börn og viðkvæmar sálir. Fín mæting var í gönguna. Verur sem voru á sveimi voru túlkaðar af Dagrúnu Ósk sjálfri, Arnóri Jónssyni, Guðlaugu G.I. Bergsveinsdóttur og Jóni Jónssyni. Hinn viðburðurinn var svokallað

Hörmungarkaffi á Sauðfjársetrinu, *Hungursneið og hörmungarkvein, plágur og pestir*. Það var viðburður á staðnum, en einnig streymt í beinni á netinu. Dagrún Ósk Þjóðfræðingur sagði frá Plágum og pestum fyrr og nú og Dúllurnar og Anna Björg fluttu tónlist, sannkölluð hörmungar- og harmakvein.

Einnig tók Sauðfjársetrið virkan þátt í hátíðinni Bókavík sem var haldin í lok nóvember, en það er sveitarfélagið Strandabyggð sem stendur fyrir henni.

Aðrir viðburðir

Í samkomubanninu í mars 2020 fórum við af stað með heimabingó sem varð mjög vel tekið og voru þátttakendur um land allt. Þetta var endurtekið tvisvar árið 2021, haldið var heimabingó fyrir páska og jól. Verður þetta gert áfram meðan viðtökur eru góðar við þessum skemmtilega leik.

Þann 17.júní var haldin hátíðlegur á Sauðfjársetrinu með kaffihlaðborði eins og undanfarin ár og Náttúrubarnahátíðin var haldin í júlí, nánar fjallað um hana í kaflanum um Náttúrubarnaskólann hér á eftir.

Einnig má nefna útivistarviðburð sem byrjað var að halda sumarið 2018, svokölluð *Sögurölt*, sem eru haldin einu sinni í viku yfir sumarmánuðina, í samstarfi við Byggðasafn Dalamanna á Laugum í Sælingsdal og Þjóðfræðistofu. Þarna er um að ræða stuttar og þægilegar göngur við allra hæfi, þar sem sagt er frá þeim stöðum sem gengið var um. Söguröltið var einungis í júní og júlí þetta árið, alls voru farnar fimm göngur í Sögurölta-röðinni. Þau tímamót urðu á árinu að samtals hafa þúsund manns komið með í slíka göngu.



Yfirlit um alla viðburði ársins 2021:

Janúar: *Vetrarsól á Ströndum: Bábiljur og bögur í baðstofunni*. Kvöldvaka þar sem sagðar voru sögur, spilað á langspil, kveðið og sungið saman. Rúnaleikur, útljósmyndasýning í Hnyðju og opnun sýningar á ljósmyndum Rósu Jónídu.

Febrúar: *Bollukaffi* sem var haldið sunnudaginn fyrir bolludag. Þennan dag bjóðum við uppá bollur með u.þ.b. 20 mismunandi fyllingum. Góð mæting er alltaf í bollukaffið hjá okkur. Hörmungardagar voru haldnir síðustu helgina í febrúar og tók Sauðfjársetrið þátt í þeirri hátíð og var með tvo viðburði, *Draugagöngu* og *Hörmungakaffi og hungur-sneið* í Sævangi, sögustund með sunnudagskaffinu, þar sem Dagrún Ósk talaði um pestir og plágur.



Mars: *Heimabingó, dregið í beinni á netinu.*

Júní: *Kaffihlaðborð og 17. júní skemmtun.* Viðburðurinn *Dagur hinna villtu blóma*, þá var gengið var eftir göngustígnum á Orustutanga og voru blóm og jurtir sem eru við göngustígin merktar. Hafdís Sturlaugsdóttir var leiðsögumaður, þessi dagur var haldin í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrubarnaskólann. Gönguferðin á degi hinna villtu blóma var um leið hluti af Söguröltunum og það fyrsta sumarið 2021. *Förufólk og flakkarar* sýning opnuð á Hamingjudögum. *Sögurölt og fróðleikur um hólmgöngur í Bersatungu.*

Júlí: *Náttúrubarnahátíðin* var haldin í fimmta sinn helgina 9.-11. júlí. Á Náttúrubarnahátíðinni var þétt, fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna (sagt er nánar frá henni í kafla 4). Í júlí var farið í þrjú *Sögurölt – Dagbókarölt um Naustavík og Fylgdarhamar, Sögurölt í Miðskógi í Miðdölum* og *Sögurölt í Tungugróf*. Listamaðurinn *Gímaldin* mætti og hélt tónleika í Sævangi, en hann leikur gítarlög úr ýmsum áttum, aðallega úr elektróverkefnum og frumsamda tónlist tengda austrænum þjóðdönsum. Sirkus var haldinn í Sævangi: sýningin *Allra veðra von* sem Hringleikur stóð fyrir.

Ágúst: Höfundar bókarinnar *Men of Terror: A Comprehensive Analysis of Viking Combat*, þeir William R. Short og Reynir A. Óskarsson, heimsóttu Sauðfjársetrið og sögðu frá rannsóknum sínum og bókinni sem fjallar um bardagaaðferðir víkinga. Vel sóttur og áhugaverður viðburður. Hrutadómar féllu niður.

September: *Þjóðtrúarkvöldvaka* var haldin laugardagskvöldið 11. september. Þemað var Pestir og plágur, og voru flutt fróðleg og skemmtileg erindi um þjóðtrú og sögur, siði og venjur, fyrr og nú. Auk þess sem var kynngimagnað kvöldkaffi á boðstólum og tónlistaratriði að venju.

Höfundar fyrirlestra voru: Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson: Gleymt en þó geymt: Lækningaaðferðir alþýðu fyrri alda, Dagrún Ósk Jónsdóttir: Flökkusagnir og faraldrar, og Áki Guðni Karlsson: Dauðinn og Covid: Tækni, hefðir og verklag á kveðjustundu. Kristján Sigurðsson mætti með gítarinn og sá um tónlistina. Þjóðtrúarkvöldvökur í september hafa verið árlegur viðburður í samvinnu Sauðfjárseturs á Ströndum og Þjóðfræðistofu síðustu árin. Kvöldvakan féll þó niður í fyrra, en nú var viðburður haldinn í raunheimum, innan þeirra sóttvarnareglna sem voru í gildi.

Október: *Félagsvist*, sú eina sem haldin var á þessu ári vegna Covid-19. Heldur færri mættu, en vonast var eftir, spilað var á fimm borðum, en ástæðan var hópsmit í Dölum sem kom upp um þetta leyti. Íbúar í Saurbæ og Reykhólahreppi hafa verið duglegir að mæta á spilavist hjá okkur. Sviðaveisla féll niður vegna samkomutakmarkana.



Nóvember: Ljóðastund í Sævangi, Ólafur Sveinn Jóhannesson kom og var með kynningu á ljóðabókinni sinni *Klettur*. Bókavík var haldin í Strandabyggð og var Sauðfjársetrið með tvo viðburði. Allir viðburðir á Bókavík voru í streymi. Þjóðfræðingarnir Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson kynntu bókina *Álagablettir* sem kom út fyrir jólin 2021 í samvinnu við Þjóðtrúarstofu. Hafist var handa við að kynna nýtt verkefni: *Gamla Strandamyndin mín* sem er bók sem

Sauðfjársetrið ætla að gefa út á tuttugu ára afmæli Sauðfjársetursins á árinu 2022, í samvinnu við Þjóðfræðistofu. Jón Jónsson var með kynningu á þessari bók.

Desember: *Jólaheimabingó*, útgáfuviðburður vegna bókarinnar *Álagablettir* þann 12. des í Hnyðju á Hólmavík og í streymi. Bókabíll á ferðinni.

5. Náttúrubarnaskólinn & Náttúrubarnahátíðin

Sauðfjársetrið setti hliðarverkefnið Náttúrubarnaskólann á laggirnar 2015 og var árið 2021 því sjöunda starfsárið. Verkefnið er unnið í samstarfi við ýmsa aðila á Ströndum og hefur gengið mjög vel.

Dagrún Ósk Jónsdóttir hefur verið verkefnastjóri og yfirnáttúrubarn frá upphafi, en það var hún sem tók hugmyndina um skólann upp á sína arma og kom henni í framkvæmd innan vébanda Sauðfjársetursins.



Náttúrubarnaskólinn fékk menningarverðlaun Strandabyggðar 2018 fyrir gott og metnaðarfullt starf.

Á námskeiðum Náttúrubarnaskólans er margvíslegum fróðleik um náttúru og umhverfi, listasmiðjum, útivist og skemmtun, blandað saman. Náttúrubarnaskólinn útskrifar þátttakendur sem náttúrubörn. Dregið hefur úr aðsókn í Náttúrubarnaskólann og teljum við það fyrst og fremst vera vegna fólksfækkunar í sveitarfélaginu. Börnum hefur fækkað verulega í þeim aldursflokki sem sækir Náttúrubarnaskólann.

Náttúrubarnaskólinn og Strandabyggð gerðu með sér samning um að Náttúrubarnaskólinn sæi um tvö vikulöng leikjanámskeið, fyrir börn á aldrinum 6-12 í Strandabyggð. Sveitarfélagið sá um akstur frá Hólmavík í Sævang, en námskeiðin voru einnig opin börnum úr öðrum sveitarfélögum. Um það bil 22 börn sóttu leikjanámskeiðin tvö. Þetta er fimmta sumarið sem slík leikjanámskeiðið er haldin.

Meðal annarra viðburða sem Náttúrubarnaskólinn stóð fyrir á árinu 2021 má nefna *Söguröltin* og sérstaka blómaskoðunargönguferð með leiðsögn á *Degi hinna villtu blóma*.



Langtum viðamesti viðburðurinn á vegum Náttúrubarnaskólans og Sauðfjársetursins á árinu var *Náttúrubarnahátíðin 2021* sem var haldin helgina 9.-11. júlí. Um það bil 300 manns komu á hátíðina sem er ætluð fjölskyldufólki, frítt var á hátíðina, veglegur styrkur frá Uppbyggingasjóði Vestfjarða gerði það kleift. Einnig var frítt á hátíðina árið 2019 og 2020, en 2017-2018 var selt inn á hátíðina á 3.000 kr. fyrir alla helgina.

Ferðapjónustan Kirkjuból býður gestum hátíðarinnar að tjalda frítt á Kirkjubóli og er þar á bak við hugmynd um að slíkt sé mikilvægt aðgengismál, að fólk með börn geti tekið þátt í hátíðinni án þess að þurfa að kosta miklu til. Þetta var mjög metnaðarfull hátíð og almenn ánægja með hana bæði hjá börnum og fullorðnum. Ýmiskonar námskeið voru og margt til skemmtunar, eins og sést á dagskránni hér á eftir:

Dagskrá Náttúrubarnahátíðar 2021:

Föstudagur 9. júlí

17:00 Fjölskyldu gönguferð í fjörunni

18:30 Setning hátíðarinnar og veðurgaldur

18:30 Hægt að kaupa súpu og grillaðar pylsur (grænmetis og ekki) í Sævangi

19:00 Frábærir fjölskyldutónleikar með Sauðatónum

20:00 Náttúrubarnakviss: Spennandi spurningaleikur fyrir alla fjölskylduna



Laugardagur 10. júlí

12:00 Núvitundarævintýri með Kyrrðarkrafti

13:00 Mögnuð töfrásýning með Einari Aroni

13:30 Náttúrufjör: Bogfimi, Strandahestar, eldsmiðja, opið hús í tilraunastofunni, náttúrubingó, grillaðar pylsur og fleira

15:00 Furðufuglasmiðja með Þykjó

16:30 Fuglafjör: Trítlað um teistuarpið

17:30 Klassískir útileikir í Sævangi

18:00 Hægt að kaupa grillaðar pylsur og súpu (grænmetis og ekki)

20:00 Kvöldskemmtun með Gunna og Felix

21:30 Drauga- og tröllasögur í Sagnahúsinu

Sunnudagur 11. júlí

11:00 Náttúrubarnajóga

12:00 Stjörnu Sævar og undur jarðar

13:00 Benedikt búálfur og Dídí mannabarn

13:30 Náttúrusmiðja með Arfistanum


15:30 Fjölskylduplokk í fjörunni

6. Framlög og stuðningur árið 2021

Sauðfjársetrið er viðurkennt safn og hefur þess vegna aðgang að framlögum til einstakra verkefna frá Safnasjóði sem Safnaráð stendur á bak við.

Stuðningur Safnaráðs skiptir safnið miklu, en ekki lengur um að ræða rekstrarstyrki frá ríkinu til safna í gegnum sjóðinn, eins og áður var. Nú er litið svo á að grunnrekstur viðurkenndra safna eigi að vera fjárhagslega sjálfbær með framlögum frá eigendum og bakhjörllum heima fyrir.

Nýjung hjá Safnaráði er hins vegar, til viðbótar við hefðbundna verkefnastyrki, að úthlutað er veglegum öndvegisstyrkum sem eru veittir til verkefna til þriggja ára í senn, en aðeins til fárra safna hverju sinni. Sauðfjársetrið fékk slíkan styrk árið 2020 fyrir verkefnið, *Menningararfur í ljósmyndum*, og var unnið fyrir hann á árinu. Að auki fengust fjórir verkefnastyrkir frá Safnaráði fyrir árið 2021, styrkur til stafrænna kynningarmála, símenntun fyrir starfsmenn safns og í verkefnin Umbætur 2021 í framhaldi af úttekt Safnaráðs og til að undirbúa sýningarverkefnið



Bjarndýra-samstarfið sem unnið er í samvinnu við önnur viðurkennd söfn á Vestfjörðum og Þjóðfræðistofu.

Í upphafi árs var Sauðfjársetrið með styrktarsamning við sveitarfélagið Strandabyggð til fjögurra ára 2019-2022. Sveitarfélagið hefur staðið við bakið á starfseminni eftir fremsta mætti og á þakkir skyldar fyrir. Samningnum var þó sagt upp af hálfu sveitarfélagsins á árinu 2021 vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Strandabyggðar, en fram kom að gerður yrði nýr samningur þar sem stuðningurinn yrði lækkaður tímabundið um 20% árið 2022.

Eins fékk Sauðfjársetrið á árinu 2021 styrk frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, rekstrarstyrk og verkefnastyrk fyrir Náttúrubarnahátíðina. Einnig fengum við styrk frá Brothættum byggðum (úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda í gegnum Byggðastofnun), í verkefnið *Álagablettir*. Loks fékk Náttúrubarnaskólinn smástyrk frá Orkubúi Vestfjarða.

Styrktaraðilar fá sérstaklega góðar þakkir fyrir stuðning á árinu. Án þeirra hefði ekki verið möguleiki að ráðast í alla þá uppbyggingu og þær uppákomur sem raunin varð. Án þeirra væri þátttaka og framlag Sauðfjársetursins í að bæta mannlíf og efla menningarstarf á Ströndum svipur hjá sjón.

7. Menningarstofnun sem skiptir máli

Sauðfjársetur á Ströndum hefur nú í árslok 2021 starfað í rúm 19 ár og á þeim tíma sett verulegan svip á mannlíf og menningu á Ströndum. Safnið hefur verið virkur þátttakandi í því samfélagi sem það starfar í og við teljum að enginn geti mótmælt því að Sauðfjársetrið hafi náð því grundvallarmarkmiði sínu að vera menningarstofnun sem skiptir máli fyrir Strandir.

Sauðfjársetur á Ströndum er að mörgu leyti skemmtilegt innlegg í safnaflórana. Starfsemi þess er mikilvæg hvað varðar atvinnusköpun og fjölbreytni í ferðaþjónustu á Ströndum, auk þeirra jákvæðu áhrifa sem rekstur þess og uppátæki hafa á sjálfsmynd og ímynd íbúa svæðisins, einkum sauðfjorbænda og sveitafólks.

Sauðfjárræktin er vissulega ennþá ein af undirstöðuatvinnugreinum á Ströndum.